

Umsagnir um frumvarp til laga um Mannréttindastofnun Íslands

Umsagnaraðili	Helstu athugasemdir	Svör FOR
ASÍ	<ul style="list-style-type: none"> • Styður frumvarpið – barátta fyrir mannréttindum samofin verkalyðsbaráttu. 	<ul style="list-style-type: none"> • Jákvæð umsögn
Geðhjálp	<ul style="list-style-type: none"> • Fagnar frumvarpinu • Mikilvægt að tryggja að það verði hlustað á stofnunina þegar hún kemur með tillögur að úrbótum. • Geðhjálp óskar eftir því að eiga fastan fulltrúa í ráðgjafarnefndinni. • Mikilvægt að réttindagæslumenn fatlaðs fólks starfi innan stofnunarinnar – en nauðsynlegt að tryggja fjármagn. • Lögð áhersla á mikilvægi sjálfstæðis mannréttindastofnunar og að hún hafi sömu stöðu og umboðsmaður Alþingis. • Bent á mikilvægi þess að tryggja fjárhagslegt sjálfstæði. 	<ul style="list-style-type: none"> • Jákvæð umsögn • Varðandi ráðgjafarnefndina er alltaf mat hverju sinni hver eigi að eiga sæti. Stofnunin sinnir víðtæku hlutverki og öllum mannréttindum. Tvö stór félagasamtök sem eru regnhlífarsamtök á sviði réttinda fatlaðs fólks eiga fast sæti, en fjölmörg önnur félög eiga aðild að þeim. Ráðuneytið gerir ekki athugasemd við að upptalningu verði breytt en þó þarf að fara varlega upp á sveigjanleika stofnunarinnar. Minnum á að það er ekki hámarksfjöldi en á hverjum tíma eiga a.m.k. 12 einstaklingar sæti í nefndinni og því eru alltaf 4 laus sæti fyrir samtök eða aðra hagsmunaaðila. • Fjárheimildir milli málefnasviða að fjárhæð 180 m.kr. og útgjöld úr ríkissjóði aukast um 43,9 m.kr. á ári auk 9 m.kr.

		<p>tímabundið í eitt ár.</p> <p>Heildar fjárhagsáhrif fyrir ríkissjóð að koma á fót sjálfstæðri Mannréttindastofnun gæti þannig verið 43,9 m.kr. á ársgrundvelli þegar búið er að taka tillit til fyrrgreindra millifærslna á fjárheimildum. Er það mat ráðuneytisins að um fullnægjandi fjármögnun sé að ræða við upphaf starfseminnar.</p>
<p>Hagsmunasamtök heimilanna</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Fagna frumvarpinu. • Bendir á mikilvægi þess að stofnunin geti tekið við ábendingum frá einstaklingum og tekið mál til meðferðar að eigin frumkvæði. • Bent á mikilvægi þess að fullgilda valfjálsa bókun við alþjóðasamninginn um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, auk sambærilegra bókana við samningana um réttindi barnsins og réttindi fatlaðs fólks. • Bent á að enginn fastur fulltrúi í ráðgjafarnefnd sé að huga að réttindum heimilanna. Veltir fyrir sér 	<ul style="list-style-type: none"> • Jákvæð umsögn • Þó að stofnuninni sé ekki ætlað að fara með úrskurðarvald eða taka beinlínis ákvarðanir í einstaklingsmálum mun hún leiðbeina og aðstoða öll sem til hennar leita. Auk þess er tekið fram í athugasemdum með frumvarpinu að erindi frá einstaklingum geti vel orðið til þess að stofnunin taki mál til skoðunar að eigin frumkvæði. • Varðandi fullgildingu valfjálsra bókana má benda á að hlutverk Mannréttindastofnunar Íslands verður ekki einungis að fylgja eftir

	<p>hvort það sé heppilegt að telja upp fulltrúa í lögum.</p>	<p>þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem íslenska ríkið er þegar aðili að, heldur ber henni einnig að koma með ábendingar um alþjóðlegar skuldbindingar sem hún telur rétt að fullgilda til að stuðla að aukinni vernd mannréttinda.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Álitamál hvort og þá hvaða aðilar skulu eiga fast sæti í ráðgjafarnefndinni en forsætisráðuneytið lagði til þessa föstu fulltrúa til að endurspegla ákveðna breidd og fjölbreytileika. Enn fremur er gert ráð fyrir að það séu fjórir eða fleiri aðilar sem ekki eru taldir upp í ákvæðinu sem munu eiga sæti í ráðgjafarnefndinni. Auk þess ber Mannréttindastofnun að eiga víðtækt samráð og samstarf við samtök, stofnanir o.fl. sem vinna að mannréttindum með einum eða öðrum hætti.
<p>Íslandsdeild Amnesty International</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Frumvarpi fagnað og ítrekað mikilvægi þess að koma stofnuninni á laggirnar sem fyrst. 	<ul style="list-style-type: none"> • Jákvæð umsögn • Fjárheimildir milli málefnasviða að fjárhæð 180 m.kr. og útgjöld úr ríkissjóði aukast um 43,9

	<ul style="list-style-type: none"> • Sérstaklega fagnað að stofnunin eigi að heyra undir Alþingi frekar en framkvæmdarvaldið. • Bendir á að ekkert kemur fram um fjölda starfsfólks – mikilvægt að tryggja sérþekkingu • Brýnt að fjármögnun og mönnun uppfylli Parísarviðmiðin. 	<p>m.kr. á ári auk 9 m.kr. tímabundið í eitt ár.</p> <p>Heildartjárhagsáhrif fyrir ríkissjóð að koma á fót sjálfstæðri Mannréttindastofnun gæti þannig verið 43,9 m.kr. á ársgrundvelli þegar búið er að taka tillit til fyrrgreindra millifærslna á fjárheimildum. Er það mat ráðuneytisins að um fullnægjandi fjármögnun sé að ræða við upphaf starfseminnar.</p>
Jafnréttisstofa	<ul style="list-style-type: none"> • Fagnar frumvarpinu. • Mikilvægt hlutverk sem stofnuninni er ætlað og engin stofnun sem hefur slíkt hlutverk hér á landi. • Bendir á mikilvægi þess að stofnunin fái A vottun. • Fer yfir ólíkt hlutverk Mannréttindastofnunar og Jafnréttisstofu. 	<ul style="list-style-type: none"> • Jákvæð umsögn
Kvenréttindafélag Íslands	<ul style="list-style-type: none"> • Tekur undir umsögn MRSÍ og vísar í fyrri umsögn. • Bendir á mikilvægi fjármögnunar. 	<ul style="list-style-type: none"> • Jákvæð umsögn • Sjá svar við umsögn MRSÍ. • Fjárheimildir milli málefna sviða að fjárhæð 180 m.kr. og útgjöld úr ríkissjóði aukast um 43,9 m.kr. á ári auk 9 m.kr. tímabundið í eitt ár. Heildartjárhagsáhrif fyrir

		<p>ríkissjóð að koma á fót sjálfstæðri Mannréttindastofnun gæti þannig verið 43,9 m.kr. á ársgrundvelli þegar búið er að taka tillit til fyrrgreindra millifærslna á fjárheimildum. Er það mat ráðuneytisins að um fullnægjandi fjármögnun sé að ræða við upphaf starfseminnar.</p>
<p>Landssamtökin Þroskahjálp</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Fagna frumvarpinu • Fagna því að réttindagæslumenn fatlaðs fólks falli undir mannréttindastofnun. • Benda á mikilvægi samráðsskyldu við fatlað fólk, skylduna til viðeigandi aðlögunar o.fl. • Bent á mikilvægi þess að fjármögnun og mönnun verði fullnægjandi og í samræmi við Parísarviðmiðin. • Bent á að Geðhjálp ætti að vera með fastan fulltrúa í ráðgjafarnefnd. • Telja mikilvægt að greitt verði fyrir setu í ráðgjafarnefnd. 	<ul style="list-style-type: none"> • Jákvæð umsögn • Varðandi samráðsskyldu við fatlað fólk má benda á að tvö stór félagasamtök sem eru regnhlífarsamtök á sviði réttinda fatlaðs fólks eiga fast sæti í ráðgjafarnefndinni. Þá er í ákvæðinu um ráðgjafarnefnd tekið fram að veita skuli viðeigandi stuðning og aðlögun til að tryggja sem jöfnust tækifæri til setu í nefndinni. • Fjárheimildir milli málefnasviða að fjárhæð 180 m.kr. og útgjöld úr ríkissjóði aukast um 43,9 m.kr. á ári auk 9 m.kr. tímabundið í eitt ár. Heildarfjárhagsáhrif fyrir ríkissjóð að koma á fót

		<p>sjálfstæðri</p> <p>Mannréttindastofnun gæti þannig verið 43,9 m.kr. á ársgrundvelli þegar búið er að taka tillit til fyrrgreindra millifærslna á fjárheimildum. Er það mat ráðuneytisins að um fullnægjandi fjármögnun sé að ræða við upphaf starfseminnar.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Varðandi það að Geðhjálpi eigi sæti í ráðgjafarnefnd er það alltaf mat hverju sinni hvort og þá hvaða aðilar eiga að eiga fast sæti. Rétt að benda á að samkvæmt frumvarpinu eiga þegar tvö regnhlífasamtök á sviði réttinda fatlaðs fólks sæti í ráðgjafarnefndinni, þar á meðal Þroskahjálpi. • Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu mun stjórn stofnunarinnar hafa svigrúm til þess að ákveða greiðslur fyrir setu í ráðgjafarnefnd ef hún telur fjárhagslegt svigrúm til þess.
Mannréttindaskrifstofa Íslands	<ul style="list-style-type: none"> • Fagnar frumvarpinu • Tekur fram að verkefnum MRSÍ væri betur komið hjá 	<ul style="list-style-type: none"> • Jákvæð umsögn • Þar sem stofnunin mun heyra undir Alþingi er talið

	<p>Mannréttindastofnun en býður fram aðstoð við að koma henni á fót.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Athugasemd varðandi 3. gr. um kjör stjórnarmanna – bendir á að rétt væri að breyta til samræmis við nýlega breytingu á norsku lögunum, þannig að forsætisnefnd kallar eftir tilnefningum í stjórn. • Athugasemd varðandi 7. gr. um upplýsingaöflun – telur rétt að hægt verði að skjóta synjun ráðherra um afhendingu upplýsinga til úrskurðarnefndar um upplýsingamál. • Bendir á mikilvægi þess að tryggja nægilegt fjármagn. 	<p>rétt að Alþingi kjósi stjórnina í samræmi við almennar reglur þingsins um kosningar í stjórnir og ráð á vegum þingsins. Í athugasemdum er þó áréttað að hafa skuli Parísarviðmiðin að leiðarljósi og tryggja að stjórnin endurspegli sem best samfélagið. Einnig er tekið fram að þau sem eigi sæti eigi að hafa sérþekkingu á mismunandi fagsviðum og þá skal a.m.k. einn fulltrúi vera lögfræðingur með sérþekkingu á mannréttindum.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ákveðin takmörkun sé á aðgengi að upplýsingum sem varða öryggi ríkisins eða utanríkismál og það er ekki í samræmi við upplýsingalög að stofnanir geti borið ákvarðanir stjórnvalds um aðgang að gögnum undir úrskurðarnefnd um upplýsingamál. • Fjárheimildir milli málefnasviða að fjárhæð 180 m.kr. og útgjöld úr ríkissjóði aukast um 43,9
--	--	---

		<p>m.kr. á ári auk 9 m.kr. tímabundið í eitt ár.</p> <p>Heildartjárhagsáhrif fyrir ríkissjóð að koma á fót sjálfstæðri</p> <p>Mannréttindastofnun gæti þannig verið 43,9 m.kr. á ársgrundvelli þegar búið er að taka tillit til fyrrgreindra millifærslna á fjárheimildum. Er það mat ráðuneytisins að um fullnægjandi fjármögnun sé að ræða við upphaf starfseminnar.</p>
Mannréttindastofnun HÍ	<ul style="list-style-type: none"> • Fagnar frumvarpinu. • Bendir á að stofnuninni séu ætluð umfangmikil verkefni og að mikilvægt sé að tryggja bolmagn til að sinna þeim. • Hefur áhyggjur af því að gert sé ráð fyrir takmarkaðri útgjaldaaukningu ríkissjóðs. • Bendir á að fullnægjandi fjármögnun sé forsenda sjálfstæðis. 	<ul style="list-style-type: none"> • Jákvæð umsögn • Fjárheimildir milli málefna sviða að fjárhæð 180 m.kr. og útgjöld úr ríkissjóði aukast um 43,9 m.kr. á ári auk 9 m.kr. tímabundið í eitt ár. <p>Heildartjárhagsáhrif fyrir ríkissjóð að koma á fót sjálfstæðri</p> <p>Mannréttindastofnun gæti þannig verið 43,9 m.kr. á ársgrundvelli þegar búið er að taka tillit til fyrrgreindra millifærslna á fjárheimildum. Er það mat ráðuneytisins að um fullnægjandi fjármögnun sé að ræða við upphaf starfseminnar.</p>

<p>Persónuvernd</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Áréttar mikilvægi þess að við vinnluna persónuupplýsinga verði gætt að öllum meginreglum persónuverndarlaga. • Bent á að verkefni Mannréttindastofnunar geti í einhverjum tilvikum skarast á við verkefni annarra stofnana, en þau líta svo á að frumvarpinu sé ekki hróflað við þeim verkefnum Persónuverndar. 	<ul style="list-style-type: none"> • Líkt og bent er á í umsögninni er vísað til þess í athugasemdum við 7. gr. frumvarpsins að hafa skuli hliðsjón af lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. • Í athugasemdum með frumvarpinu er einnig tekið fram að þau verkefni sem Mannréttindastofnun er ætlað að sinna geta í einhverjum tilvikum skarast á við verkefni annarra stofnana. Má ætla að það hafi einhver áhrif í för með sér, m.a. í formi samstarfs og samráðs milli þessara stofnana. Má í því sambandi einnig benda á að eitt af hlutverkum Mannréttindastofnunar samkvæmt frumvarpinu er að stuðla að samhæfingu á milli ólíkra aðila sem vinna á sviði mannréttinda, sem getur t.d. falist í því að hvetja til samstarfs milli viðeigandi opinberra aðila og annarra aðila sem vinna að mannréttindamálum.
<p>Rótin - félag um málefni kvenna</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Fagnar frumvarpinu. • Bendir á að mikilvægum verkefnum MRSÍ væri betur komið hjá nýrri stofnun. 	<ul style="list-style-type: none"> • Jákvæð umsögn • Sjá athugasemdir við umsögn MRSÍ.

	<ul style="list-style-type: none"> • Tekur undir athugasemdir MRSÍ um kjör á stjórn og rétt til upplýsinga. • Bendir á mikilvægi þess að tryggja nægt fjármagn. 	<ul style="list-style-type: none"> • Fjárheimildir milli málefnasviða að fjárhæð 180 m.kr. og útgjöld úr ríkissjóði aukast um 43,9 m.kr. á ári auk 9 m.kr. tímabundið í eitt ár. Heildarfjárhagsáhrif fyrir ríkissjóð að koma á fót sjálfstæðri Mannréttindastofnun gæti þannig verið 43,9 m.kr. á ársgrundvelli þegar búið er að taka tillit til fyrrgreindra millifærsla á fjárheimildum. Er það mat ráðuneytisins að um fullnægjandi fjármögnun sé að ræða við upphaf starfseminnar.
Samtök atvinnulífsins	<ul style="list-style-type: none"> • Benda á að stofnanir ríkisins séu 160 talsins og sumar mjög fámennar – telur þurfa betri nýtingu á almannafé. • Mikil tækifæri í að fækka stofnunum og bent á tillögur Ríkisendurskoðunar um einföldun á kerfinu. Telja nýja stofnun ekki fara saman við fyrnefnd markmið. • Bendir á að hægt sé að útvíkka hlutverk MRSÍ og tryggja að hún uppfylli Parísarviðmið frekar en að stofna nýja stofnun. 	<ul style="list-style-type: none"> • Tekið hefur verið til skoðunar hvort einhver stofnun sem þegar er starfandi hér á landi geti tekið að sér hlutverk mannréttindastofnunar. Niðurstaðan hefur verið sú að engin stofnun uppfylli Parísarviðmiðin eða henti að öðru leyti til að taka að sér það víðtæka hlutverk sem mannréttindastofnun er ætlað. • Mannréttindaskrifstofa Íslands er ekki stofnun, heldur fjáls félagsamtök

		<p>(skráð sem almennt félag í fyrirtækjaskrá).</p> <ul style="list-style-type: none"> • Skrifstofan getur ekki uppfyllt Parísarviðmiðin, m.a. í ljósi þess að henni er ekki komið á fót með lögum. Fjárhagslegt sjálfstæði er ekki tryggt, þar sem fjármögnun byggist á samningi við ráðherra á hverjum tíma. • MRSÍ hefur frá upphafi hvatt stjórnvöld til að koma á fót sjálfstæðri mannréttindastofnun og hefur ítrekað bent á að starf skrifstofunnar kemur ekki í stað slíkrar stofnunar.
Samtökin 78	<ul style="list-style-type: none"> • Fagna frumvarpinu og samráðinu sem var haft. • Taka undir umsagnir MRSÍ og Mannréttindastofnunar HÍ, sérstaklega varðandi fjármagn. 	<ul style="list-style-type: none"> • Jákvæð umsögn • Sjá athugasemdir við umsagnir MRSÍ og Mannréttindastofnunar HÍ.
Umboðsmaður barna	<ul style="list-style-type: none"> • Telur frumvarpið mikilvægt framfaraskref. • Mikilvægt skref til að lögfesta samninginn um réttindi fatlaðs fólks. • Gerir athugasemd við 6. gr. um ráðgjafarnefnd. Bent er á að á hinum Norðurlöndunum séu almennt ekki fastir fulltrúar í slíkum nefndum, nema í Noregi þar sem umboðsmaður þingsins, 	<ul style="list-style-type: none"> • Jákvæð umsögn • Álitamál hvort og þá hvaða aðilar skulu eiga fast sæti í ráðgjafarnefndinni en forsætisráðuneytið lagði til þessa föstu fulltrúa til að endurspegla ákveðna breidd og fjölbreytileika. Enn fremur er gert ráð fyrir að það séu fjórir eða fleiri aðilar sem ekki eru taldir upp í ákvæðinu sem munu

	<p>umboðsmaður barna og umboðsmaður jafnréttismála eiga fast sæti.</p> <ul style="list-style-type: none"> Telur rétt að fara aðra leið við val í ráðgjafarnefnd og auglýsa eftir fulltrúum frekar en að hafa fasta fulltrúa. 	<p>eiga sæti í ráðgjafarnefndinni. Auk þess ber Mannréttindastofnun að eiga viðtækt samráð og samstarf við samtök, stofnanir o.fl. sem vinna að mannréttindum með einum eða öðrum hætti.</p>
UN Women	<ul style="list-style-type: none"> Fagnar frumvarpinu. Fagnar því að sjálfstæði sé tryggt og að stofnunin heyri ekki undir framkvæmdarvaldið. Hefur áhyggjur af fjárhagslegum stoðum stofnunarinnar og bolmagni til að sinna þeim verkefnum sem henni er ætlað. 	<ul style="list-style-type: none"> Jákvæð umsögn. Fjárheimildir milli málefnasviða að fjárhæð 180 m.kr. og útgjöld úr ríkissjóði aukast um 43,9 m.kr. á ári auk 9 m.kr. tímabundið í eitt ár. Heildarfjárhagsáhrif fyrir ríkissjóð að koma á fót sjálfstæðri Mannréttindastofnun gæti þannig verið 43,9 m.kr. á ársgrundvelli þegar búið er að taka tillit til fyrrgreindra millifærslna á fjárheimildum. Er það mat ráðuneytisins að um fullnægjandi fjármögnun sé að ræða við upphaf starfseminnar.
Þjóðskjalasafn Íslands	<ul style="list-style-type: none"> Bendir á að í frumvarpinu sé gert ráð fyrir að lög um opinber skjalasöfn gildi ekki um stofnanir Alþingis. Að mati Þjóðskjalasafns er nauðsynlegt að skerpa á ákvæðum um varðveislu og 	<ul style="list-style-type: none"> Í samráði forsætisráðuneytisins við Alþingi var bent á að rétt væri að sambærilegar reglur myndu gilda um Mannréttindastofnun Íslands og aðrar stofnanir

	<p>aðgengi að skjölum Alþingis og stofnana þess.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Bendir einnig á ósamræmi varðandi varðveislu- og afhendingarskyldu á skjölum Alþingis, þar sem rannsóknarnefndir þingsins þurfa að afhenda skjöl. 	<p>Alþingis þegar kemur að skjalavörslu. Í samræmi við það er lögð til breyting á lögum um opinber skjalasögn.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Ef rétt þykir að fyrirkomulagið verði endurskoðað er rétt að gera það í stærra samhengi, þannig það nái til allra stofnana Alþingis.
ÖBÍ réttindasamtök	<ul style="list-style-type: none"> • Fagna frumvarpinu. • Ánægjulegt að stofnunin eigi að heyra undir Alþingi. • Bendir á mikilvægi þess að það sé fjölbreytt fagfólk sem starfi hjá stofnuninni. Leggur til deildarskiptingu með áherslu á hvern minnihlutahóp fyrir sig. • Leggur áherslu á að stofnuninni verði tryggt bolmagn til að sinna hlutverki sínu. Eftirlitsstofnanir oft vantfjármagnaðar, þar á meðal réttindagæslumenn. • Telur nauðsynlegt að Geðhjálp eigi fastan fulltrúa í ráðgjafarnefndinni. 	<ul style="list-style-type: none"> • Jákvæð umsögn • Varðandi deildarskiptingu þá mun Mannréttindastofnun Íslands sjálf hafa svigrúm til að móta starf sitt m.a. þegar kemur að hugsanlegri deildarskiptingu. • Fjárheimildir milli málefna sviða að fjárhæð 180 m.kr. og útgjöld úr ríkissjóði aukast um 43,9 m.kr. á ári auk 9 m.kr. tímabundið í eitt ár. Heildartjárhagsáhrif fyrir ríkissjóð að koma á fót sjálfstæðri Mannréttindastofnun gæti þannig verið 43,9 m.kr. á ársgrundvelli þegar búið er að taka tillit til fyrrgreindra millifærslna á fjárheimildum. Er það mat ráðuneytisins að um

		<p>fullnægjandi fjármögnun sé að ræða við upphaf starfseminnar.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Varðandi það að Geðhjálpi eigi sæti í ráðgjafarnefnd er það alltaf mat hverju sinni hvort og þá hvaða aðilar eiga að eiga fast sæti. Rétt að benda á að samkvæmt frumvarpinu eiga þegar tvö regnhlífasamtök á sviði réttinda fatlaðs fólks sæti í ráðgjafarnefndinni, þar á meðal ÖBÍ.
--	--	--

Samantekt úr umsögnum:

- Af 17 umsögnum eru 14 sem fagna frumvarpinu og telja mikilvægt að það verði samþykkt sem fyrst.
- Ein umsögn telur ekki ástæða til að fjölga stofnunum og leggur til að öðrum aðila verði falið hlutverk mannréttindastofnunar.
- Ein umsögn er hlutlaus en bendir á hugsanlega skörun við verkefni Persónuverndar.
- Ein umsögn er hlutlaus en bendir á mikilvægi varðveislu skjala stofnana Alþingis.
- Nokkrar umsagnir fagna því sérstaklega að stofnunin muni heyra undir Alþingi.
- Flestar umsagnir, eða samtals 9, koma inn á mikilvægi þess að tryggja fullnægjandi fjármögnun.
- MRSÍ gerir athugasemd við kosningu í stjórn og leggur til breytingu á ákvæði um aðgang að upplýsingum.
 - Nokkrar umsagnir taka undir umsögn MRSÍ (þrjár umsagnir).
- Tvær umsagnir telja ekki rétt að telja upp aðila sem eiga fast sæti í ráðgjafarnefnd.
- Þrjár umsagnir (Geðhjálpi, Þroskahjálpi og ÖBÍ) telja að Geðhjálpi eigi að eiga fastan fulltrúa í ráðgjafarnefnd.